III. VIÐAUKI

Viðvörunarmerki fyrir vinnusvæði þar sem sprengifimt andrúmsloft getur myndast, sbr. 3. mgr. 7. gr.




*Vinnusvæði þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti*

Einkenni:
- þríhyrningslaga,
- svartir stafir á gulum grunni með svörtum kanti (guli hlutinn skal þekja a.m.k. 50% af yfirborði merkisins).

Nr. 350 16. mars 2004

# GJALDSKRÁ

**fyrri hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.**

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Þróargjald fyrir árið 2004 skal vera kr. 5.563 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 8.494 fyrir 3600 l þrær eða stærri.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 18. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Eyjafjarðarsveit, 16. mars 2004.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.